# Velkomin á fulltrúaráðsfund Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

3. desember 2024

# Dagskrá

1. Lykiltölur um afkomu sjóðsins
2. Framvinda fjárfestingarstefnu
3. Önnur mál

   a) Upplýsingar og fræðsla til sjóðfélaga

# 1. Lykiltölur um afkomu sjóðsins

Guðmundur Þ. Þórhallsson,
framkvæmdastjóri

**Lífeyrissjóður verzlunarmanna**
—
live.is



# Árið 2024

**Samantekt til 31. október 2024**

- Hæstiréttur staðfesti nýverið lögmæti samþykktabreytingar LV. Breytingarnar varða viðbrögð vegna innleiðingu á nýjum lífslíkutöflum vegna hækkandi lífaldurs, þannig var heimilt að endurreikna áunnin lífeyrisréttindi eftir árgöngum.

- Einkennandi fyrir innlenda og erlenda verðbréfamarkaði eru hækkanir samhliða lækkandi verðbólgu og lækkandi vöxtum.
    - Heimsvísitala hlutabréfa 16,5% í USD og 17% í ISK.
    - Innlend hlutabréfavísitala OMXIGI 9,9%.

- Ávöxtun sameignardeildar.
    - Nafnávöxtun 9,8%.
    - Raunávöxtun 5,2%.

- Tryggingafræðileg staða þann 31. október 2024 áætluð –5,2%, -6,8% um sl. áramót.

# Árið 2024

**Samantekt til 31. október 2024**

- Ráðstafað 45,5 ma.kr til verðbréfa- og gjaldeyriskaupa
- Iðgjaldagreiðslur til sameignardeildar hafa aukist um 4% á milli ára. 17% aukning í séreign.
- Fjölgun sjóðfélaga á lífeyri hefur numið rúmlega 7% á árinu og eru nú um 26.500 á lífeyri.
- Lífeyrisgreiðslur úr sameignardeild hafa hækkað um 18% frá lokum árs 2023.
- Nettó lánveitingar til sjóðfélaga nema um 300 milljónum króna. Endurfjármagnanir um 16 milljarðar króna.
- Nýr vefur live.is nýtist vel: 30% fjölgun heimsókna
- Bóka tíma í ráðgjöf nýtur vaxandi vinsælda: að meðaltali 60 bókuð viðtöl á mánuði, yfir 100 í okt/nóv.
- Markaðsherferðir á tímamótum: Til hamingju með útskriftina!  Er kominn hálfleikur?  Styttist í starfslok?

# Þróun hreinnar eignar til greiðslu lífeyris árið 2024

Sameignardeild - Í milljörðum króna



# Eignasamsetning sameignardeildar 31. október 2024

Hlutföll í árslok 2023 í sviga



# Fjármunatekjur

Sameignardeild - Í milljörðum króna

| | 31.10.2024 | | 31.10.2023 | |
|---|---|---|---|---|
| **Sameign** | **Fjármunatekjur** | **Ávöxtun** | **Fjármunatekjur** | **Ávöxtun** |
| Innlend skuldabréf | 32,2 | 6,7% | 32,7 | 7,4% |
| Innlend hlutabréf | 16,8 | 8,5% | -20,6 | -10,5% |
| Erlend verðbréf | 75,9 | 13,2% | 16,0 | 3,2% |
| **Samtals** | **124,9** | **9,8%** | **28,0** | **2,5%** |

# Raunávöxtun sameignardeildar

Árleg meðalraunávöxtun



# Fjárfestingar 2024

Sameignardeild - í milljörðum króna
Tölur miðast við 31.10.2024




**Fjárfestingar á árinu 2024 nema 45,5 ma.kr.**

# Iðgjöld

Sameignardeild og séreign - í milljörðum króna

| | 31.10.2024 | 31.10.2023 |
|---|---|---|
| Sameignardeild | 37,8 | 36,2 |
| Séreign | 3,0 | 2,5 |
| **Samtals** | **40,8** | **38,7** |
| Breyting milli ára | 5,4% | |

**Um 48 þúsund einstaklingar hafa greitt til sameignardeildar á árinu**

**Um 8.600 einstaklingar hafa greitt í séreign á árinu**

# Fjöldi iðgjaldagreiðenda í sameignardeild

Heildar fjöldi greiðandi atvinnurekenda




Hlutdeild stærstu greiðenda í greiddum iðgjöldum



# Úr hvaða atvinnugreinum koma iðgjöld í sameignardeild



# Lífeyrisgreiðslur

Sameignardeild og séreign - Í milljörðum króna

| | 31.10.2024 | 31.10.2023 |
|---|---|---|
| Ævilangur lífeyrir | 25,7 | 21,5 |
| Örorkulífeyrir | 5,0 | 4,6 |
| Maka- og barnalífeyrir | 1,4 | 1,3 |
| Séreignargreiðslur | 1,1 | 1,1 |
| **Samtals** | **33,2** | **28,4** |
| Breyting milli ára | 17,1% | 31,7% |
| Fjöldi einstaklinga á lífeyri í sameignardeild | 26,6 | 24,8 |

# Skipting lífeyrisgreiðslna 2024



# Hvað er tryggingafræðileg staða?




**Mat á eignum og skuldbindingum sjóðsins**

Helstu forsendur:

- Ávöxtunarviðmið; 3,5% raunávöxtun
- Dánar- og eftirlifendatöflur (lífslíkur)
  Hversu lengi lifa sjóðfélagar?
- Örorkutíðni
- Ef neðangreindur munur er á eignum og skuldbindingum þarf að hækka eða lækka áunnin lífeyrisréttindi:
  - +/- 5% yfir 5 ára tímabil
  - +/- 10% í árslok

# Tryggingafræðileg staða




- Tryggingafræðileg staða er metin ár hvert í tryggingafræðilegri athugun sem framkvæmd er af tryggingastærðfræðingi sjóðsins
- Tryggingafræðileg staða er mælikvarði á hve vel sjóðurinn er í stakk búinn til að standa undir skuldbindingum sínum
- Hafa ber í huga að sjóðfélagi ber áhættu vegna ávöxtunar eigna sjóðsins sem og lýðfræðilega áhættu

# Breytingar á áunnum lífeyrisréttindum 2006 - 2023




Hækkun á lífeyrisgreiðslum nam 7,2%

Breytingar á áunnum réttindum breytileg eftir árgöngum

# Hækkun lífeyrisgreiðslna

Lífeyrisgreiðslur hafa hækkað um 53% frá desember 2020 til október 2024 vegna hækkunar réttinda og verðtryggingar
Á sama tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um 30%



# Dómur Hæstaréttar nr. 11/2024 – Hækkandi lífaldur

Ellilífeyrir – Lífeyrisréttindi – Skerðing – Eignarréttur – Stjórnarskrá – Meðalhóf – Jafnræði

**Tilefni samþykktabreytinga**

- Breyttar forsendur fyrir mati á lífaldir, framsýn spá fyrir hvern árgang – Grundvallarbreyting að mati Hæstaréttar
- 77 milljarða hækkun á skuldbindingum vegna áunninna réttinda

**Álitamálin**

- **Aldur**: Var heimilt að breyta samþykktum LV með þeim hætti að lækka áunninn mánaðarlegan ellilífeyri yngri sjóðfélaga meira en þeirra eldri
- **Stjórnarskrá og MSE:** Var breyting á áunnum lífeyrisréttindum ólögmæt skerðing á eignarréttindum stefnda sem njóti verndar stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu.

**Skilyrði fyrir breytingu á réttindum, virkum og óvirkum**

- Lagastoð
- Málefnalegar forsendur
- Jafnræði & Meðalhóf

# Dómur Hæstaréttar nr. 11/2024 – Hækkandi lífaldur

Ellilífeyrir – Lífeyrisréttindi – Skerðing – Eignarréttur – Stjórnarskrá – Meðalhóf – Jafnræði

„Sem fyrr segir höfðu breytingar á samþykktum [Lífeyrissjóðs verzlunarmanna] það sjálfstæða markmið að **heildargreiðslur ellilífeyris allra sjóðfélaga lækkuðu hlutfallslega jafn mikið** vegna nýs reiknigrunns um lífslíkur. Þessu markmiði var náð með því að lækka áunninn mánaðarlegan ellilífeyri yngri sjóðfélaga meira en þeirra eldri **í ljósi þess að yngri árgangar kæmu til með að ná hærri aldri og þar af leiðandi njóta ellilífeyris í lengri tíma**.“

„Fallist er á með [Lífeyrissjóði verzlunarmanna] að þessar breytingar séu til þess fallnar **að eldri sjóðfélagar taki ekki á sig hluta af skuldbindingum yngri sjóðfélaga sem hefði orðið raunin ef áunnum rétti til mánaðarlegs ellilífeyris hefði verið breytt hlutfallslega jafnt**. Breytingarnar studdust því við **málefnaleg sjónarmið**.“

„Samkvæmt öllu framangreindu var breytingin í 6. tölulið viðauka B við samþykktir áfrýjanda, sem hafði í för með sér lækkun áunnins mánaðarlegs ellilífeyris stefnda, innan þess svigrúms sem áfrýjandi naut. **Átti hún næga stoð í lögum og fól ekki í sér skerðingu á áunnum en óvirkum lífeyrisréttindum** hans í andstöðu við 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu. Áfrýjandi verður því sýknaður af kröfum stefnda.“

*Feitletrun er höfundar.*

# Fulltrúaráðsfundur

3. desember 2024

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
—
live.is

# 2. Framvinda fjárfestingarstefnu

Arne Vagn Olsen,
forstöðumaður eignastýringar



# Í hvaða efnahagsumhverfi hefur ávöxtun farið fram? Hægt hefur á hagvexti…




Heimild: Seðlabanki Íslands

- Eftir sterkan hagvöxt undanfarin ár tók að hægja á efnahagsumsvifum í lok ársins 2023. **Hagvöxtur mældist 5,0% í fyrra en 1,9% samdráttur var á fyrri hluta ársins 2024** sem helst má rekja til loðnubrests.
- Áfram er gert ráð fyrir vexti í einkaneyslu og fjárfestingu sem mun drífa áfram hagvöxt en þó hóflegri vexti og má rekja það að hluta til **aukins taumhalds peningastefnunnar** eftir þráláta verðbólgu undanfarin ár.
- Á þessu ári vega á móti neikvæð áhrif utanríkisviðskipta og loðnubrests og því **spáir Seðlabanki Íslands að landsframleiðsla standi í stað á þessu ári**.
- Helstu óvissuþættir horft fram á við eru þróun ferðaþjónustunnar næstu misseri og hvort uppsafnaður sparnaður í hagkerfinu fari í einkaneyslu þegar taumhald peningastefnunnar minnkar.
- Efnahagsspár gera ráð fyrir að **landsframleiðsla verði um 2% á ári næstu tvö árin**.

# …og dregið hefur úr verðbólguþrýstingi…




Heimild: Seðlabanki Íslands

- Eftir þráláta verðbólgu undanfarin ár hefur nú **dregið úr verðbólguþrýstingi og hefur ársverðbólga ekki mælst minni í þrjú ár**.
- Segja má að **verðbólga sé að hjaðna á breiðum grunni** þar sem fleiri undirliðir vísitölu neysluverðs nálgast verðbólgumarkmið Seðlabankans.
- Ársverðbólgan fór hæst í 6,8% í mars á þessu ári en hjaðnaði í **5,1% í október**.
- Verðbólga án húsnæðisliðar er farin að nálgast markmið og mældist **2,8% í október**.
- Horft fram á við skiptir því máli að það haldi áfram að hægja á hækkun húsnæðis- og leiguverðs en það myndi hjálpa til við að ná verðbólgunni í markmið á næsta ári.
- Á markaði hafa **verðbólguvæntingar lækkað** samhliða hjöðnun verðbólgu og nálgast þær nú 3% til næstu tveggja ára. Jafnframt **spáir Seðlabanki Íslands 3,4% verðbólgu að meðaltali á næsta ári**.

# …sem Seðlabankinn bregst við með lækkun stýrivaxta

Meginvextir Seðlabanka Íslands




- Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur **lækkað stýrivexti tvisvar** á þessu ári um samtals 0,75 prósentustig og standa meginvextir bankans nú í **8,50%**.
- Samhliða lækkandi verðbólgu hefur taumhald peningastefnunnar aukist og **raunvextir hækkað undanfarin misseri**.
- **Líklegt er að Seðlabanki Íslands muni áfram lækka vexti** á nýju ári ef hjöðnun verðbólgunnar heldur áfram líkt og spár gera ráð fyrir.
- Seðlabanki Íslands og greiningaraðilar spá lækkandi verðbólgu á næsta ári og **ef horft er til verðlagningar ríkisbréfa á markaði gerir markaðurinn ráð fyrir frekari lækkun stýrivaxta árið 2025.**

# Lækkun stýrivaxta hefur jákvæð áhrif á ávöxtun skuldabréfa…




- Á skuldabréfamarkaði hefur **ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa lækkað** aðeins það sem af er ári samhliða hjöðnun verðbólgunnar og eftir að vaxtalækkunarferlið hófst. **Ávöxtunarkrafa verðtryggða skuldabréfa hefur staðið í stað eða hækkað fyrir styttri ríkisbréf.**
- Nafnávöxtun innlendra skuldabréfa hefur því verið ágæt það sem af er ári en skuldabréfavísitala innlendra ríkisbréfa hefur hækkað um **6,0% á árinu**.
- Ávöxtunin er betri en á sama tíma í **fyrra en þá hafði vísitalan aðeins hækkað um 0,9%.**
- Slök ávöxtun skuldabréfa í fyrra skýrist af vaxtahækkunarferli Seðlabankans þar sem bæði nafnvextir og raunvextir hafa hækkað umtalsvert á markaði.
- Vænta má þess að viðsnúningur verði í ávöxtun skuldabréfa nú þegar vaxtalækkunarferlið er hafið og að ávöxtun skuldabréfa verði betri í ár og á næsta ári en undanfarin ár.

# …og ávöxtun innlendra hlutabréfa hefur tekið við sér

Ávöxtun OMXIGI vísitölunnar YTD árin 2024 og 2023




- Ávöxtun innlendra hlutabréfá á árinu var nokkuð álíka þróuninni 2023 **þar til nú í haust** þegar hlutabréfamarkaðurinn tók við sér og **ávöxtun það sem af er árs 2024 er um 10%.** En það er töluvert betri ávöxtun en á sama tíma í fyrra (um -15%).

- **Lægri verðbólguvæntingar og vaxtalækkanir** eru helsti drifkraftur viðsnúnings á íslenskum hlutabréfum. Auk þess sem nokkrar **flæðisstærðir hafa jákvæð áhrif**, helst ber þar að nefna **hátt hlutfall sparnaðar í innlánum** sem gæti farið á hreyfingu við vaxtalækkanir auk **Marel og TM sölur** (eftirspurnarþættir) og frestun á **Íslandsbankasölu** (framboðsþáttur).

- Á árunum 2023 og fram eftir miðju ári 2024 sátu íslensk hlutabréf eftir í ávöxtun m.v. marga erlenda markaði en eftir hækkun haustsins er ávöxtun innlendra hlutabréfamarkaðarins vel samanburðarhæfur og **m.a. á pari við MSCI World til 5 ára**.

# Heimshagkerfið hefur haldist nokkuð sterkt... Samhliða lækkun verðbólgu

Figure 1.12. Growth Outlook




Figure 1.13. Inflation Outlook




- **Þrátt fyrir aukna pólitíska áhættu á heimsvísu** (e. geopolitical risk) það sem af er ári, sérstaklega í ljósi aukinnar stríðsátaka í Mið-Austurlöndum, **hefur heimshagkerfið verið nokkuð stöðugt**. Hagvaxtarspá Alþjóðargjaldeyrissjóðsins (AGS) fyrir heimshagkerfið hefur farið hækkandi og stendur í dag í 3,2% fyrir árið 2024 en AGS spáði 2,9% hagvexti fyrir árið 2024 í fyrra .

- **Í Bandaríkjunum var til að mynda 2,8% hagvöxtur á þriðja ársfjórðungi** þessa árs en aukningin þar í landi hefur verið aðallega knúin áfram af sterkri einkaneyslu og fjárfestingu. **Á Evrusvæðinu var hagvöxtur 0,4%** og fyrst og fremst drifinn áfram af vexti í þjónustugeiranum á meðan framleiðslugeirinn hefur dregist saman.

- **Á sama tíma og hagvaxtarhorfur hafa haldist góðar hefur verðbólga farið lækkandi á heimsvísu**, samhliða því að aðfangakeðjur hafa komist í jafnvægi og hrávöruverð lækkað. Í Evrópu er til að mynda samræmd verðbólga komin í markmið og stóð í 2,0% í lok október og í Bandaríkjunum er verðbólgan aðeins yfir markmiði eða 2,6% .

*AEs: Þróuð hagkerfi*
*EMDEs: Þróunarhagkerfi*
*Heimild: IMF Outlook October 2024*

# ... á sama tíma hafa vextir lækkað...

## Þó ekki jafn mikið og væntingar stóðu og ávöxtun skuldabréfa því slök á árinu

Ávöxtun Global Agg skuldabréfavísitölu







- **Evrópski seðlabankinn hóf vaxtalækkunarferlið sitt í júní og eru stýrivextir í Evrópu í dag 3,25%.** Markaðsaðilar vænta frekari vaxtalækkana enda gefa hagtölur vísbendingar um að hagkerfið sé að kólna og eru auknar áhyggjur um samdrátt í hagkerfinu.

- **Bandaríski seðlabankinn hóf sitt vaxtalækkunarferli í september og standa stýrivextir þar í landi í 4,5%-4,75%.** Samanborið við Evrópu sýna hagtölur í Bandaríkjunum að hagkerfið sé töluvert sterkara þar en bandaríski seðlabankinn hefur lagt aukna áherslu á að viðhalda sterkum vinnumarkaði samanborið við að ná verðbólgu í markmið.

- Töluvert flókt hefur verið á ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa það sem af er ári en krafan hefur almennt þróast í takt við nýjustu hagtalna. **Fjárfestar bjuggust í upphafi árs við að stýrivextir myndu lækka mun hraðar en raunin varð, sér í lagi í Bandaríkjunum. Ávöxtun skuldabréfa á heimsvísu hefur því verið undir væntingum eða einungis 0,12% í Bandaríkjadal**.

*Heimild: IMF Outlook October 2024*

# …sem hefur m.a. leitt til hækkunar á hlutabréfum

## Uppgjör einnig verið góð og væntingar um aukinn meðbyr með kjöri Trump




- Á sama tíma hafa hlutabréf á heimsvísu verið í nokkuð stöðugum hækkunarfasa og tekið vaxtalækkunum ásamt tiltölulega sterkum hagtölum fagnandi. **Vísitala heimshlutabréfa, MSCI World, hefur hækkað um 16,5% í Bandaríkjadal það sem af er ári og kemur sú hækkun í kjölfar 23,8% hækkunar í fyrra**.

- **Ávöxtunin hefur verið nokkuð dreifð þvert á landssvæði og atvinnugreinar þar sem öll landssvæði og atvinnugreinar hafa skilað jákvæðri ávöxtun það sem af er ári**. Þó hefur bandaríski markaðurinn og þá sérstaklega stóru tæknifyrirtækin skilað hæstu ávöxtuninni og leitt markaðinn áfram. Sterkt gengi þeirra heldur áfram að vera drifið áfram af væntingum um áhrif gervigreindar á viðskiptalíkön fyrirtækjanna.

- **Einnig höfðu fjárfestar væntingar um aukinn meðbyr fyrir hlutabréf ef Trump yrði kosinn** þar sem talið var að skattalækkanir hans auk stuðnings við bandarískt atvinnulíf myndi styðja við verðlagningu hlutabréfa.

# Ávöxtun eignasafna hefur verið með ágætum í þessu markaðsumhverfi…







m.v. 31.10.24

# …og tiltölulega litlar breytingar gerðar á eignasöfnum á árinu






# Fjárfestingarstefna sameignardeildar fyrir 2024

## Núverandi staða samanborið við markmið í fjárfestingarstefnu

| Eignaflokkur | Vægi 31.12.2023 | Stefna 2024 | Vægi 31.10.2024 |
|---|---|---|---|
| 1. Ríkisskuldabréf | 12.4% | 13.5% | 11.3% |
| 2. Veðskuldabréf og fasteignatengd verðbréf | 19.6% | 20.3% | 19.0% |
| 3. Önnur skuldabréf | 6.4% | 6.8% | 6.3% |
| 4. Innlend hlutabréf | 15.4% | 14.2% | 14.9% |
| 5. Innlent laust fé | 0.7% | 0.3% | 0.4% |
| 6. Erlend hlutabréf | 35.3% | 22.4% | 36.4% |
| 7. Erlend skuldabréf | 10.3% | 22.4% | 11.6% |
| **Samtals** | **100%** | **100%** | **100%** |

- Lagt var upp með töluverða aukningu á erlendum skuldabréfum á árinu (horft til 5 ára).
  - Þróun markaða hefur verið töluverð ólík því sem markaðsaðilar bjuggust við. LV ákvað að bíða með frekari breytingar á vægi erlendra skuldabréfa.
  - Niðurstaðan er töluverður munur á vægi erlendra hlutabréfa og skuldabréfa m.v. það sem lagt var upp með í fjárfestingarstefnu.
- Aðrir eignaflokkar eru nálægt þeim mörkum sem stefnt var að.
- Mikilvægt að hafa í huga að stefna til ársloka 2024 er mörgum forsendum háð.
  - Breytingar á mörkuðum hafa áhrif á innbyrðis vægi eignaflokka.

# Fjárfestingarstefna Ævileiða fyrir árið 2024

## Núverandi staða samanborið við markmið í fjárfestingarstefnu

| | Ævileið I | | | Ævileið II | | | Ævileið III | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Eignaflokkur | Vægi 31.12.2023 | Stefna 2024 | Vægi 31.10.2024 | Vægi 31.12.2023 | Stefna 2024 | Vægi 31.10.2024 | Vægi 31.12.2023 | Stefna 2024 | Vægi 31.10.2024 |
| 1. Ríkisskuldabréf | 9.7% | 10% | 11.2% | 24.1% | 20% | 21.1% | 49.1% | 40% | 42.7% |
| 2. Veðskuldabréf og fasteigna. vbr. | 23.7% | 20.4% | 20.7% | 32.5% | 36% | 34.4% | 30.8% | 33.1% | 31.7% |
| 3. Önnur skuldabréf | 14.6% | 15% | 12.4% | 14.1% | 15% | 13.4% | 0.0% | 6,9% | 4.2% |
| 4. Innlend hlutabréf | 18.8% | 24.6% | 22.9% | 8.9% | 14% | 13.2% | 0.0% | 0% | 0.0% |
| 5. Innlent laust fé | 3.2% | 0% | 3.7% | 5.5% | 0% | 3.1% | 20.0% | 20% | 21.3% |
| 6. Erlend hlutabréf | 26.6% | 15% | 26.4% | 12.2% | 7,5% | 12.6% | 0.0% | 0% | 0.0% |
| 7. Erlend skuldabréf | 3.5% | 15% | 2.7% | 2.7% | 7,5% | 2.2% | 0.0% | 0% | 0.0% |
| **Samtals** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** |

Líkt og í sameignardeild var lagt var upp með töluverða aukningu á erlendum skuldabréfum á árinu (horft til 5 ára). Þróun markaða hefur verið töluverð ólík því sem markaðsaðilar bjuggust við. LV ákvað að bíða með frekari breytingar á vægi erlendra skuldabréfa

# Fulltrúaráðsfundur

3. desember 2024

**Lífeyrissjóður**
**verzlunarmanna**
—
live.is

# 4. Önnur mál



Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
—
live.is

# Upplýsingar og fræðsla til sjóðfélaga

Hildur H. Daðadóttir,
forstöðumaður rekstrarsviðs

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
—
live.is



# Það sem við erum að gera til að auka þekkingu á lífeyrismálum

- Nýr vefur live.is
- Nýjar og uppfærðar reiknivélar
- Efni sett fram á myndrænan hátt og myndbönd nýtt til að útskýra nánar
- Hægt að bóka tíma hjá ráðgjafa á vefnum
- Viðtöl við sjóðfélaga og starfsfólk birt á vef og auglýst



Lífeyrissjóður
verzlunarmanna




# Sérstök áhersla á að ná til ungs fólks

- Aukin miðlun á samfélagsmiðlum: Facebook, Tiktok, Instagram, LinkedIn
- Fræðandi kviss fyrir samfélagsmiðla og tölvupósta
- Stutt myndbönd til að útskýra afurðir
- Fyrsta bréf til nýrra sjóðfélaga – sent rafrænt á pósthólfið á island.is
- Lánamöguleikar og þjónustur sem henta ungu fólki









# Tökum þátt í viðburðum og erum sýnileg

- Kynningar í fyrirtækjum og fyrir hópa s.s. starfstengda hópa, félagasamtök o.fl.
- Fræðslutorg fyrir mannauðsfólk og stjórnendur (11 myndbönd)- gjaldfrjáls aðgangur
- Tökum þátt í viðburðum: Framadagar háskólanna, Mannauðsdagurinn, málstofur og hlaðvörp












Lífeyrissjóður verzlunarmanna

# Lífeyrismál og vinnustaðurinn

- Starfsfólk LV með kynningar á vinnustöðum
  - Nýta sérfræðiþekkingu ráðgjafa LV í þágu starfsfólks
  - Upplýsingar og fræðsla til mannauðsstjóra og launafulltrúa
- Stuðla að góðu aðgengi starfsfólks að upplýsingum og fræðslu um lífeyrismál reglulega yfir starfsævina
- Tryggja að starfsfólk þekki og nýti séreignarsparnaðinn




**64%**

Á vinnustöðum









# Takk fyrir

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna
—
live.is